

1 Fólk á förnum vegi



1. Eva, Vilma og George



H2.1

Hún heitir Eva. Hún er frá Svíþjóð. Hún talar sænsku, íslensku og ensku. Hún kom til Íslands árið 2007. Hún á heima á Selfossi. Hún er arkitekt. Hún teiknar allan daginn. Henni finnst gaman að fara út að borða. Hún kom til Íslands af því að hún á íslenskan mann.



1.1 Spyrjið og svarið



Hvaðan er Eva?

Hún er frá ...

Hvar býr Eva?

Hún býr ...

Hvað gerir Eva?

Hún er ...

Hvað finnst Evu gaman að gera?

Henni finnst gaman ...

Af hverju kom Eva til Íslands?

Af því að ...



H2.2



Ég heiti Vilma. Ég er hjúkrunarfræðingur frá Filippseyjum. Ég tala tagalog, ensku og íslensku. Ég kom til Íslands af því að ég fékk vinnu á Íslandi. Ég á heima í Hvassaleiti í Reykjavík. Ég vinn vaktavinnu á barnadeild Landspítalans. Mér finnst skemmtilegt að syngja. Ég syng í kirkjukór. Mér líður vel á Íslandi.

1.2 Spyrjið og svarið



Hvaða mál talar Vilma?

Hún talar ...

Af hverju kom Vilma til Íslands?

Hún kom af því að ...

Hvar vinnur Vilma?

Hún vinnur ...

Hvernig líður henni á Íslandi?

Henni líður ...



H2.3

Hann er verkfræðingur. Hann heitir George og er frá Rúmeníu. Hann talar rúmensku, frönsku, íslensku og pínulitla rússnesku. Hann kom til Íslands árið 1998. Hann býr í Kópavogi en langar að flytja í Hafnarfjörð af því að honum finnst fallett þar.



Konan hans er líka frá Rúmeníu. Þau eiga ekki börn. Honum finnst gaman að horfa á fótbolta í sjónvarpinu. Hann drekkur bjór þegar hann vill slappa af.

1.3 Spyrjið og svarið



Hvað heitir hann?

Hann heitir ...

Hvaða mál talar hann?

Hann talar ...

Hvenær kom hann til Íslands?

Hann kom ...

Af hverju vill hann flytja til Hafnarfjarðar?

Af því að ...

Hvenær drekkur hann bjór?

Hann drekkur bjór þegar ...

1.4 Merktu við já, nei eða kannski



Dæmi: Vilma er arkitekt.

já nei kannski

Eva er gift íslenskum manni.

já nei kannski

George á tvö börn.

já nei kannski

Vilmu líður illa á Íslandi.

já nei kannski

Eva teiknar mikið.

já nei kannski

George drekkur bjór þegar hann horfir á fótbolta.

já nei kannski

Eva fer oft út að borða.

já nei kannski

Vilma vinnur alltaf á morgnana.

já nei kannski

George langar að búa í Hafnarfirði.

já nei kannski

Af hverju komstu til Íslands?

Hvenær komstu til Íslands?

Hvenær drekkur þú te?

Hvernig líður þér?

Hvað finnst þér gaman að gera?

Af því að ég fékk vinnu á Íslandi.

Ég kom í apríl 2008.

Pegar ég vil slappa af.

Mér líður vel.

Mér finnst gaman að læra íslensku.

1.5 Tölum saman!

- a) Komdu sæl/sæll
- b) Hvað heitir þú?
- c) Hvaðan ertu?
- d) Hvaða mál talar þú?
- e) Hvenær komstu til Íslands?
- f) Af hverju komstu til Íslands?
- g) Hvar áttu heima?
- h) Ertu að vinna?
- i) Hvað finnst þér gaman að gera?
- j) Hvernig líður þér á Íslandi?
- k) Vertu blessaður/blessuð

Komdu sæll/sæll.

Ég heiti ...

Ég er frá ...

Ég tala ...

Ég kom til Íslands í(mánuður, ár)

Ég kom til Íslands af því að...

Ég á heima í/á ...


Já, ég vinn .../Nei, ég er ekki að vinna.

Mér finnst gaman að ...

Mér líður ...

Vertu blessaður/blessuð.

1.6 Kynning. Segið frá hvort öðru!



- Hann/hún heitir ...
- Hann/hún er frá ...
- Hann/hún talar ...
- Hann/hún er að vinna .../læra ...
- Honum/henni finnst gaman að ...

Honum finnst ...

Henni finnst ...



2. Hvað gerir þú í vinnunni?



Eva: Komdu sæl Vilma. Hvað segirðu gott?

Vilma: Allt fínt. Hvað gerir þú í vinnunni?

Eva: Ég teikna og hanna hús. Stundum tala ég í símann og skrifa tölvupóst. En þú?

Vilma: Ég gef lyf og fylgist með sjúklingum. En þú George?

Georg: Ég drekk bara kaffi.

Hvað gerir þú í vinnunni?
Hvað gerir þú í skólanum?

2.1 Hvað gera þau?



2.2 Hver gerir hvað?



1	bifvélavirki
2	verkfræðingur
3	tannlæknir
4	strætóbílstjóri
5	kokkur
6	hjúkrunarfræðingur
7	arkitekt
8	kennari

	kennir í skóla
1	gerir við bíla
	teiknar og hanna hús
	vinnur á verkfræðistofu
	gerir við tennur
	gefur lyf
	keyrir strætó
	eldar mat

2.3 Hlustaðu og merktu við rétta setningu



H2.5



1. Benni strætóbílstjóri ...

- vaknar snemma á morgnana.
- vaknar seint á morgnana.
- vaknar á hádegi.

3. Honum finnst venjulega ...

- erfitt að keyra strætó.
- leiðinlegt að keyra strætó.
- gaman að keyra strætó.

2. Í morgunmat borðar hann ...

- súrmjólk.
- hafragraut og lýsi.
- morgunkorn.

4. Benni er stundum ...

- forvitinn.
- morgunfúll.
- fyndinn.



Hvað segir Fríða frænka?

Íslendingar eru stundum forvitnir og spyrja:
Af hverju komstu til Íslands?

Hér eru nokkur góð svör við þessari spurningu:
Af því að það er gott að búa á Íslandi.

Af því að ég fékk vinnu á Íslandi.

Af því að mig langaði að prófa eitthvað nýtt.

3. Útlitið

3.1 George og Benni



George og Benni hittast stundum og horfa saman á boltann í sjónvarpinu. Þeir eru vinir en eru samt ólíkir. George er hávaxinn, grannur, með dökkt hár og brún augu. Benni er lágvaxinn, með blá augu. Hann er svolítið þybbinn og með rautt hár. Hann er líka með gleraugu.



3.2 Vilma og Eva









Vilma og Eva eru góðar vinkonur.

Þær kynntust þegar þær voru að læra íslensku.


Þær hittast á kaffihúsi þegar þær vilja tala saman.

Eva er hávaxin, með ljóst, stutt hár og græn augu.

Vilma er lágvaxin með svart hár og fallegt bros.

<p>Hann er ...</p> <p>hávaxinn lágvaxinn stór lítill grannur þybbinn</p>	<p>Hún er ...</p> <p>hávaxin lágvaxin stór lítill grönn þybbin</p>	<p>Hann/hún er með ...</p> <p>gleraugu </p> <p>krullað hár </p> <p>skalla </p> <p>skegg </p>
<p>Hann/hún er með ...</p> <p>sítt stutt dökkt ljóst svart hvítt rautt</p> <p>hár</p> 	<p>Hann/hún er með ...</p> <p>brún blá græn grá svört</p> <p>augu</p> 	

3.3 Hvernig lítur þetta fólk út?



3.4 Hvernig lítur þú út?

3.5 Lýstu bekkjarfélagi þínum

4. Hvað kann ég?



4.1 Hvað gerir hann/hún? Skrifaðu starfsheitin og merktu við rétta setningu



1. _____

- fylgist með sjúklingum.
- gerir við bíla.



2. _____

- keyrir strætó.
- teiknar og hannar hús.



3. _____

- eldar mat.
- gerir við tennur.



4. _____

- eldar mat.
- keyrir strætó.



5. _____

- fylgist með sjúklingum.
- teiknar og hannar hús.



6. _____

- gerir við tennur.
- gerir við bíla.

4.2 Tölum saman! Skrifaðu rétt orð og spyrjið hvert annað



a) _____ heitir þú?

Ég _____

b) _____ ert þú?

Ég er f _____

c) H _____ komst þú til Íslands?

Ég kom _____

d) Af _____ komst þú til Íslands?

Ég kom af _____

e) Hvað _____ þú í skólanum/vinnunni?

f) _____ líður _____ á Íslandi?

_____ líður _____

g) Hvað finnst _____ gaman að gera?

_____ finnst gaman _____

h) Hvenær slappar þú af?

Ég slappa af þegar _____

4.3 Hvernig lítur þetta fólk út?



5. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



1. Ég kann að spyrja og svara

- | | |
|----------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Hvað heitir þú? | <input type="checkbox"/> Ég heiti ... |
| <input type="checkbox"/> Hvaðan ert þú? | <input type="checkbox"/> Ég er frá ... |
| <input type="checkbox"/> Hvaða mál talar þú? | <input type="checkbox"/> Ég tala ... |
| <input type="checkbox"/> Hvar áttu heima? | <input type="checkbox"/> Ég á heima .../Ég bý ... |
| <input type="checkbox"/> Hvenær komstu til Íslands? | <input type="checkbox"/> Ég kom árið ... |
| <input type="checkbox"/> Hvernig líður þér ? | <input type="checkbox"/> Mér líður ... |
| <input type="checkbox"/> Hvað finnst þér gaman að gera? | <input type="checkbox"/> Mér finnst ... |

2. Ég kann að kynna bekkjarfélaga

- Hann/hún heitir ...
- Hann/hún er frá ...
- Henni/honum finnst gaman/leiðinlegt á Íslandi.

3. Ég kann að segja af hverju ég kom til Íslands

- Ég kom til Íslands af því að ...

4. Ég kann orðin hvenær og þegar

- Hvenær** drekkur þú te? **Þegar** ég vil slappa af.

5. Ég kann nokkur starfsheiti

- | | | |
|---------------------------------------------|------------------------------------------|-----------------------------------|
| <input type="checkbox"/> hjúkrunarfræðingur | <input type="checkbox"/> verkfræðingur | <input type="checkbox"/> arkitekt |
| <input type="checkbox"/> bifvélavirki | <input type="checkbox"/> tannlæknir | <input type="checkbox"/> kennari |
| <input type="checkbox"/> kokkur | <input type="checkbox"/> strætóbílstjóri | |

6. Ég kann að segja hvað fólk gerir í vinnunni

- Tannlæknir gerir við tennur.
- Kokkur eldar mat.

7. Ég kann að segja hvað **ég geri í vinnunni/skólanum**.

8. Ég kann að **lýsa útliti**:

- Hann/hún er hávaxin(n)/lágvaxin(n); lítil(l)/stór
- Hann/hún er grannur/grönn; þybbin(n)
- Hann/hún er með dökkt/ljóst/svart/hvítt/rautt/sítt/stutt hár
- Hann/hún er með blá/brún/græn/grá/svört augu
- Hann/hún er með gleraugu/skalla/krullað hár/skegg

9. Hvað **lærði ég fleira** í 1. kafla?

10. Hvað **ætla ég að nota**?

11. Hvað **þarf ég að læra betur**?

Sagnareglur í nútíð

að vera* (óregluleg sögn)	
ég	er
þú	ert
hann	er
hún	er
það	er
við	erum
þið	eruð
þeir	eru
þær	eru
þau	eru

að skrifa*1 (-a, -ar sögn)	
ég	skrifa
þú	skrifa r
hann	skrifa r
hún	skrifa r
það	skrifa r
við	skrifa rum
þið	skrifa ðið
þeir	skrifa
þær	skrifa
þau	skrifa

að tala*1 (-a, -ar sögn)	
ég	tala
þú	tala r
hann	tala r
hún	tala r
það	tala r
við	tala rum
þið	tala ðið
þeir	tala
þær	tala
þau	tala

að gera*2 (-i, -ir sögn)	
ég	geri
þú	geri r
hann	geri r
hún	geri r
það	geri r
við	geri rum
þið	geri ðið
þeir	gera
þær	gera
þau	gera

að segja*2 (-i, -ir sögn)	
ég	segi
þú	segi r
hann	segi r
hún	segi r
það	segi r
við	segi rum
þið	segi ðið
þeir	segja
þær	segja
þau	segja

að vinna*3 (-ur sögn)	
ég	vinn
þú	vinn ur
hann	vinn ur
hún	vinn ur
það	vinn ur
við	vinn um
þið	vinn ðið
þeir	vinna
þær	vinna
þau	vinna

Spurnarorð

Spurning	Svar
Hvað heitir þú?	Ég heiti Eva.
Hvaðan ert þú?	Ég er frá Svíþjóð.
Hvaða mál talar þú?	Ég tala sænsku og íslensku.
Hvar áttu heima?	Ég á heima á Selfossi.
Hvenær komstu til Íslands?	Ég kom árið 2007.
Hvernig líður þér?	Mér líður vel.
Af hverju komstu til Íslands?	Af því að ég á fjölskyldu hér.

Pegar

Pegar ég er búin í vinnunni fer ég í sund.

Hvenær ferðu Rússlands? **Pegar** ég er búin að safna peningum.

Ég kom til Íslands **þegar** ég var 25 ára.

Lýsingarorð – útlit

<i>karlkyn</i> Hann er ...	<i>kvenkyn</i> Hún er ...	<i>hvorugkyn</i> Það er ...
hávaxinn	hávaxin	hávaxið
lágvaxinn	lágvaxin	lágvaxið
stór	stór	stórt
lítill	lítill	lítið
grannur	grönn	grannt
mjór	mjó	mjótt
þybbinn	þybbin	þybbið
feitur	feit	feitt

að vera með ...

Hann/hún er með ...	Hann/hún er með ...
sítt stutt slétt krullað liðað dökkt ljóst skollitað brúnt svart hvítt rautt grátt	brún blá græn grá svört
skalla skegg	gleraugu

hár

augu

Ópersónulegar sagnir

að finnast

(ég) mér (þú) þér (hann) honum (hún) henni (það) því (við) okkur (þið) ykkur (þeir) þeim (þær) þeim (þau) þeim	finnst	gaman skemmtilegt leiðinlegt	að horfa á sjónvarpið að fara út að borða að syngja í vinnunni í skólanum
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------	------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------

að líða

(ég) mér (þú) þér (hann) honum (hún) henni (það) því (við) okkur (þið) ykkur (þeir) þeim (þær) þeim (þau) þeim	líður	vel illa
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------	-------------

